

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 976/2009

2012/EES/54/67

frá 19. október 2009

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) ⁽¹⁾, einkum 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2007/2/EB er mælt fyrir um almennar reglur sem miða að því að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu. Aðildarríkjum er gert að koma á fót og starfrækja net fyrir þjónustu að því er varðar landgagnasöfn og -þjónustu sem lýsigögn hafa verið búin til fyrir, í samræmi við þá tilskipun.
- 2) Til að tryggja að slík þjónusta sé samhæfð og nothæf á vettvangi Bandalagsins er nauðsynlegt að mæla fyrir um tækniforskriftir og lágmarksnothæfsviðmiðanir fyrir þessa þjónustu, með tilliti til þemanna sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.
- 3) Til að tryggja að það sé tæknilega mögulegt fyrir opinber yfirvöld og þriðju aðila að tengja landgagnasöfn sín og -þjónustu við netþjónustuna er nauðsynlegt að mæla fyrir um viðeigandi kröfur sem sú þjónusta þarf að uppfylla.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur um stofnun og viðhald netþjónustunnar sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB (hér á eftir nefnd „netþjónustan“) og skuldbindingar sem varða tiltækileika þessarar þjónustu fyrir opinber yfirvöld aðildarríkjanna og þriðju aðila skv. 12. gr. þeirrar tilskipunar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

(1) Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

2. gr.

Skilgreiningar

Að því er varðar þessa reglugerð gilda skilgreiningarnar sem settar eru fram í A-hluta viðaukans við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008 ⁽²⁾.

Jafnframt gilda eftirfarandi skilgreiningar:

1. „byrjunarstarfsgeta“: geta netþjónustu til að veita fulla virkni, án þess þó að tryggja að gæði þjónustunnar séu í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, eða veita öllum notendum aðgang að þjónustunni með hjálp INSPIRE-landupplýsingagáttarinnar,
2. „afköst“: lægsta viðmiðunarstig sem haft er til marks um það að markmiði sé náð, en það sýnir hversu hratt er hægt að verða við beiðni innan INSPIRE netþjónustu,
3. „afkastageta“: mörk þess fjölda þjónustubeiðna sem unnt er að vinna úr samtímis, með tryggðum afköstum,
4. „tiltækileiki“: líkurnar á að netþjónustan sé tiltæk,
5. „svartími“: tíminn sem líður þar til þjónustuaðgerðin skilar fyrsta bæti niðurstöðunnar, en hann er mældur er á þeim stað þar sem þjónusta aðildarríkisins er staðsett, ,
6. „þjónustubeiðni“: ein beiðni um eina aðgerð INSPIRE-netþjónustu,
7. „INSPIRE lýsigagnastak“: lýsigagnastak sem sett er fram í B-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1205/2008,
8. „birta“: aðgerð sem felur í sér viðbætur, eyðingu eða uppfærslu á INSPIRE lýsigagnastökum tilfanga í leitarþjónustunni,
9. „náttúrulegt tungumál“: tungumál sem menn tala, rita eða tjá með táknum til almennra samskipta,
10. „safna“: aðgerð sem felur í sér það að draga INSPIRE-lýsigagnastök tilfanga úr frumleitarþjónustu og gera kleift að búa til lýsigögn þessara tilfanga í markleitarþjónustunni, eyða þeim eða uppfæra þau,
11. „lag“: grunneining landfræðilegra upplýsinga sem kann að verða óskað eftir í formi korts frá netþjóni í samræmi við EN ISO-staðal 19128.

(2) Stjtið. ESB L 326, 4.12.2008, bls. 12

*3. gr.***Kröfur til netþjónustu**

Netþjónustan skal uppfylla kröfurnar um gæði þjónustu sem settar eru fram í I. viðauka.

Að auki skulu allar tegundir netþjónustu vera í samræmi við eftirfarandi atriði:

- a) þær sértæku kröfur og þá eiginleika sem settir eru fram í II. viðauka, að því er varðar leitarþjónustu,
- b) þær sértæku kröfur og þá eiginleika sem settir eru fram í III. viðauka, að því er varðar skoðunarþjónustu.

*4. gr.***Aðgangur að netþjónustu**

1. Aðildarríki skulu sjá leitar- og skoðunarþjónustunni fyrir byrjunarstarfsgetu eigi síðar en 9. maí 2011.

2. Aðildarríki skulu veita leitar- og skoðunarþjónustu eigi síðar en 9. nóvember 2011, í samræmi við þessa reglugerð.

*5. gr.***Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 19. október 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

*I. VIÐAUKI***GÆÐI ÞJÓNUSTU**

Ekki skal tekið tillit til netþjónustu þriðja aðila, sem tengd er skv. 12. gr. tilskipunar 2007/2/EB, við gerð matsins á gæðum þjónustu til að komast hjá mögulegum skemmdum af völdum keðjuverkunar.

Eftirfarandi viðmiðanir fyrir gæði þjónustu að því er varðar afköst, afkastagetu og tiltækileika, skulu tryggðar.

1. AFKÖST

Svartíminn fyrir fyrsta svarið við beiðni frá leitarþjónustu skal vera í mesta lagi 3 sekúndur við venjulegar aðstæður.

Í tilviki 470 kílóbæta myndar (t.d. 800 X 600 myndeindir með 8 bita litadýpt) skal svartíminn fyrir sendingu fyrsta svars við beiðninni „Sækja kort“ til skoðunarþjónustu vera í mesta lagi 5 sekúndur, við venjulegar aðstæður.

Með venjulegum aðstæðum er átt við tímabil sem eru utan við mestu álagstíma. Það telst vera 90% af tímanum.

2. AFKASTAGETA

Lágmarksfjöldi beiðna til leitarþjónustu sem er sinnt samtímis samkvæmt afkastaviðmiðuninni „gæði þjónustu“ skal vera 30 á sekúndu.

Lágmarksfjöldi þjónustubeiðna til skoðunarþjónustu sem er sinnt samtímis samkvæmt afkastaviðmiðuninni „gæði þjónustu“ skal vera 20 á sekúndu,

3. TILTÆKILEIKI

Netþjónusta skal vera tiltæk 99% af tímanum.

II. VIÐAUKI

LEITARÞJÓNUSTA

A-HLUTI

Leitarskilyrði

Til að vera í samræmi við þau lágmarks leitarskilyrði sem sett eru fram í 2. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB skal leitarþjónustan styðja leit með INSPIRE-lýsigagnastökunum sem talin eru upp í töflu 1 í þessum viðauka.

Tafla 1

Lágmarks leitarskilyrði	INSPIRE-lýsigagnastök
Lykilorð	Lykilorð
Flokkun landgagna og þjónustu (Fyrir landgagnasöfn og landgagnasafnaðir)	Efnisflokkur
Flokkun landgagna og þjónustu (Fyrir landgagnaþjónustu)	Tegund landgagnaþjónustu
Gæði og réttmæti landgagnasafna	Gagnabreytingaferli
Gæði og réttmæti landgagnasafna	Staðupplausn
Samræmi við framkvæmdarreglumarsem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB	Forskrift
Samræmi við framkvæmdarreglumarsem kveðið er á um í 1. mgr. 7. gr. tilskipunar 2007/2/EB	Samræmisstig
Landfræðileg staðsetning	Landfræðilegt afmörkunarsvæði (e. geographic bounding box)
Skilyrði sem gilda um aðgang að og notkun á landgagnasöfnum og -þjónustu	Skilyrði sem gilda um aðgang og notkun
Skilyrði sem gilda um aðgang að og notkun á landgagnasöfnum og -þjónustu	Takmarkanir á aðgangi almennings
Opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á stofnun, umsjón, viðhaldi og dreifingu landgagnasafna og -þjónustu	Ábyrgur aðili
Opinber yfirvöld sem bera ábyrgð á stofnun, umsjón, viðhaldi og dreifingu landgagnasafna og -þjónustu	Hlutverk ábyrgs aðila

Eftirfarandi INSPIRE-lýsigagnastök eða mengi staka skulu einnig standa til boða sem leitarskilyrði:

- a) Heiti tilfangs,
- b) Ágrip um tilfang,
- c) Tegund tilfangs,
- d) Veffang (e. unique resource identifier),
- e) Tímaviðmið.

Leitarþjónustan skal styðja rökverkja og samanburðarverkja svo hægt sé að finna tilföng með samsetningu leitarskilyrða.

Leitarþjónustan skal styðja landfræðilega virkjann sem er tilgreindur í töflu 2 svo hægt sé að finna tilföng út frá landfræðilegri staðsetningu þeirra.

Tafla 2

Heiti virkja	Eiginleiki
Skarar	Útheimtir að INSPIRE-lýsigagnastakið „landfræðilegt afmörkunarsvæði“ (e. geographic bounding box) skari tiltekið svæði

B-HLUTI

Aðgerðir

1. SKRÁ YFIR AÐGERÐIR

Til að vera í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB verður leitarþjónustan að geta framkvæmt aðgerðirnar sem taldar eru upp í töflu 3 í þessum viðauka.

Tafla 3

Aðgerð	Hlutverk
Sækja lýsigögn leitarþjónustu	Veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og lýsir þjónustugetunni
Leita að lýsigögnum	Aðgerðin „Leita að lýsigögnum“ gerir kleift að fara fram á INSPIRE-lýsigagnastök tilfanga á grundvelli fyrirspurnarsetningar sem sótt er til markleitarþjónustunnar

Til að vera í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2007/2/EB verður leitarþjónustan að styðja aðgerðirnar sem taldar eru upp í töflu 4 í þessum viðauka.

Tafla 4

Aðgerð	Hlutverk
Þjónustan „Birta lýsigögn“	Aðgerðin „Birta lýsigögn“ gerir kleift að ritvinna INSPIRE-lýsigagnastök tilfanga í leitarþjónustunni (kerfi lýsigagnaframboðs- eða lýsigagnabeiðni). Að ritvinna (editing) merkir hér að bæta við, uppfæra og eyða
Þjónustan „Tengja leitarþjónustu“	Aðgerðin „Tengja leitarþjónustu“ gerir kleift að tilkynna að tiltæk sé leitarþjónusta til að leita að tilföngum með hjálp leitarþjónustu aðildarríkjanna á sama tíma og lýsigögn tilfanganna eru áfram hjá eigandanum

Beiðni- og svarstíkar hverrar aðgerðar fullkomna lýsinguna á hverri aðgerð og eru óaðskiljanlegur hluti af tækniforskrift leitarþjónustunnar.

2. AÐGERÐIN „SÆKJA LÝSIGÖGN LEITARÞJÓNUSTU“

2.1. Beiðnin „Sækja lýsigögn leitarþjónustu“

2.1.1. Stíkar (e. parameters) beiðninnar „Sækja lýsigögn leitarþjónustu“

Stíki beiðninnar „Sækja lýsigögn leitarþjónustu“ gefur til kynna náttúrulegt tungumál sem notað er til að tjá efni svarsins við „Sækja lýsigögn leitarþjónustu“

2.2. Svarið við „Sækja lýsigögn leitarþjónustu“

Í svarinu við „Sækja lýsigögn leitarþjónustu“ skulu eftirfarandi stíkar koma fram:

- Lýsigögn leitarþjónustu,
- Lýsigögn aðgerða,
- Tungumál.

2.2.1. *Stíkar fyrir lýsigögn leitarþjónustu*

Stíkar fyrir lýsigögn leitarþjónustunnar skulu a.m.k. ná yfir INSPIRE-lýsigagnastök leitarþjónustunnar.

2.2.2. *Stíkar fyrir lýsigögn aðgerða*

Stíkin fyrir lýsigögn aðgerða veitir lýsigögn um aðgerðirnar sem leitarþjónustan framkvæmir. Hverri aðgerð skal lýst með þessum lýsigagnastikum. Þeir skulu a.m.k. gegna eftirfarandi hlutverkum:

1. að gefa til kynna, að því er varðar aðgerðina „Birta lýsigögn“, hvort gagnabeiðnikerfi (e. Pull Mechanism), gagnaframboðskerfi (Push Mechanism) eða hvort tveggja sé til staðar,
2. að lýsa hverri aðgerð, en í því felst a.m.k. lýsing á gögnunum sem skipst er á og netnúmerinu (e. network address).

2.2.3. *Tungumálastíki*

Tilgreina skal tvo tungumálastíka:

- stíka svartungumálsins, sem gefur til kynna náttúrulega tungumálið sem notað er í stíkunum fyrir svarið við „sækja lýsigögn frá leitarþjónustunni“,
- stíkan fyrir „Studd tungumál“, sem inniheldur skrána yfir þau náttúrulegu tungumál sem leitarþjónustan styður.

3. AÐGERÐIN „LEITA AÐ LÝSIGÖGNUM“

3.1. **Beiðnin „Leita að lýsigögnum“**

Þessi lýsigagnaleitarbeiðni felur í sér eftirfarandi stíka: —

Tungumál,

— Fyrirspurn.

3.1.1. *Tungumálsstíki*

Tungumálsstíkin gefur til kynna náttúrulega tungumálið sem beðið er um til að tjá efni svarsins við „leita að lýsigögnum“.

3.1.2. *Fyrirspurnarstíki*

Fyrirspurnarstíkin skal fela í sér þá samsetningu leitarskilyrða sem tilgreind er í A-hluta.

32. **Svarið við „Leita að lýsigögnum“**

32.1. *Stíki fyrir svarið við „Leita að lýsigögnum“*

Stíkin fyrir svarið við „Leita að lýsigögnum“ skal innihalda a.m.k. INSPIRE-lýsigagnastök hvers tilfangssem svarar til fyrirspurnarinnar.

4. AÐGERÐIN „BIRTA LÝSIGÖGN“

Aðgerðin „Birta lýsigögn“ gerir kleift að birta INSPIRE-lýsigagnastök tilfanga í leitarþjónustunni. Tveir valmöguleikar koma til greina:

- Gagnaframboðskerfi: gerir kleift að ritvinna INSPIRE-lýsigagnastök tilfanga sem hægt er að nálgast hjá leitarþjónustunni,
- Gagnabeiðnikerfi: gerir leitarþjónustu aðildarríkis kleift að draga INSPIRE-lýsigagnastök tilfangafrá fjarlægum stað.

Styðja skal a.m.k. annan þessarra valmöguleika.

4.1. **Gagnaframboðskerfi**

4.1.1. *Beiðnin „Ritvinna lýsigögn“*

4.1.1.1. *Stíki fyrir beiðnina „Ritvinna lýsigögn“*

Stíkin fyrir beiðnina „Ritvinna lýsigögn“ veitir allar upplýsingar sem þörf er á vegna viðbóta, uppfærslu eða eyðingar INSPIRE-lýsigagnastaka tilfanga hjá leitarþjónustunni.

4.2. Gagnabeiðnikerfi4.2.1. *Beiðnin „Safna lýsigögnum“*

4.2.1.1. Stíki fyrir beiðnina „Safna lýsigögnum“

Stíkin fyrir beiðnina „Safna lýsigögnum“ veitir allar upplýsingar um fjarlægga staðinn, sem þörf er á til að sækja tiltæk lýsigögn tilfanga. Í honum skulu a.m.k. koma fram INSPIRE-lýsigagnastök tilheyrandi landgagnaþjónustu.

5. AÐGERÐIN „TENGJA LEITARÞJÓNUSTU“

Aðgerðin „Tengja leitarþjónustu“ gerir kleift að tilkynna að tiltæk sé leitarþjónusta, sem uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar, til að leita að tilföngum með hjálp leitarþjónustu aðildarríkisins á sama tíma og lýsigögn tilfanganna eru áfram hjá eigandanum.

5.1. **Beiðnin „Tengja leitarþjónustu“**5.1.1. *Stíki beiðninnar „Tengja leitarþjónustu“*

Stíki beiðninnar „Tengja leitarþjónustu“ skal veita allar upplýsingar um leitarþjónustu opinbers yfirvalds eða þriðja aðila, sem uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar, og gera leitarþjónustu aðildarríkis þannig kleift, á grundvelli samsetningar leitarskilyrða, að fá lýsigögn tilfanga frá leitarþjónustu aðildarríkisins eða þriðja aðilans og samraða þeim með lýsigögnum annarra tilfanga.

III. VIÐAUKI

SKOÐUNARÞJÓNUSTA

A-HLUTI

Aðgerðir

1. SKRÁ YFIR AÐGERÐIR

Til að vera í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2007/2/EB verður skoðunarþjónustan að geta framkvæmt aðgerðirnar sem taldar eru upp í töflu 1 í þessum viðauka.

Tafla 1

Aðgerð	Hlutverk
Sækja lýsigögn fyrir skoðunarþjónustu	Veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og lýsir þjónustugetunni
Sækja kort	Sendir til baka kort sem sýnir landfræðilegar upplýsingar og þemaupplýsingar úr tiltækum landgagnasöfnum. Þetta kort er mynd með landtilvísun

Til að vera í samræmi við 12. gr. tilskipunar 2007/2/EB verður skoðunarþjónustan að styðja aðgerðirnar sem taldar eru upp í töflu 2 í þessum viðauka.

Tafla 2

Aðgerð	Hlutverk
Tengja skoðunarþjónustu	Gerir opinberu yfirvaldi eða þriðja aðila kleift að tilkynna um skoðunarþjónustu sem nota á til að skoða tilföng opinbera yfirvaldsins eða þriðja aðilans, með hjálp skoðunarþjónustu aðildarríkisins, á sama tíma og skoðunargetan er áfram hjá opinbera yfirvaldinu eða þriðja aðilanum.

Beiðni- og svarstíkar hverrar aðgerðar fullkomna lýsinguna á hverri aðgerð og eru óaðskiljanlegur hluti af tækniforskrift skoðunarþjónustunnar.

2. AÐGERÐIN „SÆKJA LÝSIGÖGN SKOÐUNARÞJÓNUSTU“

2.1. Beiðnin „Sækja lýsigögn skoðunarþjónustu“

2.1.1. Stíkar beiðninnar „Sækja lýsigögn skoðunarþjónustu“

Stíki beiðninnar „Sækja lýsigögn skoðunarþjónustu“ gefur til kynna náttúrulegt tungumál sem beiðin er um til að tjá efni svarsins við „Sækja lýsigögn skoðunarþjónustu“.

2.2. Stíkar svarsins við „Sækja lýsigögn skoðunarþjónustu“

Í svarinu við „Sækja lýsigögn skoðunarþjónustu“ skulu eftirfarandi stíkar koma fram:

— Lýsigögn fyrir skoðunarþjónustu,

— Lýsigögn aðgerða,

— Tungumál,

— Lýsigögn laga.

2.2.1. Stíkar fyrir lýsigögn skoðunarþjónustu

Stíkar lýsigagna skoðunarþjónustunnar skulu a.m.k. innihalda INSPIRE-lýsigagnastök skoðunarþjónustunnar.

2.2.2. *Stíkar fyrir „Lýsigögn aðgerða“*

Stíkin fyrir „Lýsigögn aðgerða“ lýsir aðgerðum skoðunarþjónustunnar og skal a.m.k. innihalda lýsingu á gögnunum sem skipst er á ásamt netnúmeri hverrar aðgerðar.

2.2.3. *Stíkar fyrir tungumál*

Tilgreina skal tvo stíka fyrir tungumál:

- stíka svartungumálsins, sem gefur til kynna náttúrulega tungumálið sem notað er í stíkunum fyrir svarið við „Sækja lýsigögn frá þjónustunni“,
- stíkan fyrir „Studd tungumál“, sem inniheldur skrána yfir þau náttúrulegu tungumál sem þessi skoðunarþjónusta styður.

2.2.4. *Stíkar fyrir lýsigögn laga*

Leggja skal fram lýsigagnastökin sem talin eru upp í töflu 3 fyrir hvert lag.

Tafla 3

Lýsigagnastök	Lýsing
Heiti tilfangs	Titill lagsins, sem notaður er í samskiptum manna á milli við framsetningu á laginu, t.d. í valmynd
Útdráttur um tilfang	Útdráttur um lag
Lykilorð	Viðbótarlykilorð
Landfræðilegt afmörkunarsvæði (e. geographic bounding box)	Lágmarksstærð afmörkunarfemings í öllum studdum viðmiðunarhnitakerfum svæðisins sem lagið nær yfir
Veffang (e. unique resource identifier)	Veffang tilfangsins sem notað er til að búa til lagið

Leggja skal fram sértæku stíkana sem taldir eru upp í töflu 4 fyrir hvert lag.

Tafla 4

Stíki	Lýsing
Heiti	Samræmt heiti lagsins
Viðmiðunarhnitakerfi	Skrá yfir viðmiðunarhnitakerfi sem lagið er tiltækt í
Mát	Skrá yfir framsetningarmát sem eru tiltæk fyrir lagið Mát skal samstanda af titli og einkvæmu kennimerki
Vefslóð skýringartexta	Staðsetning skýringartextans fyrir hvert mát, tungumál og víddarpör (e. dimension pair)
Víddarpör	Tilgreinir þau tvívíðu áspör sem studd eru í tilviki margvíðra landgagnasafna og landgagnasafnsaða

3. AÐGERÐIN „SÆKJA KORT“

3.1. Beiðnin „Sækja kort“

3.1.1. Stíkar beiðninnar „Sækja kort“

Leggja skal fram þá stíka fyrir beiðnina „Sækja kort“ sem taldir eru upp í töflu 5

Tafla 5

Stiki	Lýsing
Lög	Skrá yfir lagaheiti sem koma fram á kortinu
Mát	Skrá yfir mátin sem nota skal fyrir hvert lag
Viðmiðunarhnitakerfi	Viðmiðunarhnitakerfi kortsins
Afmörkunarsvæði	Fjögurra horna hnit tvívíða kortsins fyrir valda víddarparið og í valda viðmiðunarhnitakerfinu
Breidd myndar	Breidd myndarinnar í myndeindum
Hæð myndar	Hæð myndarinnar í myndeindum
Myndsnið	Snið frálögðu myndarinnar
Tungumál	Tungumálið sem nota skal fyrir svarið
Víddarpar	Tvívíði ásinn sem nota skal fyrir kortið. Til dæmis rúmviðd (e. geographical dimension) og tími

4. AÐGERÐIN „TENGJA SKOÐUNARÞJÓNUSTU“

4.1. Þjónustubeiðnin „Tengja skoðunarþjónustu“

4.1.1. Stiki þjónustubeiðninnar „Tengja skoðunarþjónustu“

Stiki beiðninnar „Tengja skoðunarþjónustu“ skal veita allar upplýsingar um skoðunarþjónustu opinbers yfirvalds eða þriðja aðila, sem uppfyllir skilyrði þessarar reglugerðar og gera skoðunarþjónustu aðildarríkis kleift, á grundvelli samsetningar leitarskilyrða, að fá kort frá skoðunarþjónustu aðildarríkisins eða þriðja aðilans og samræða því með öðrum kortum.

B-HLUTI

Aðrir eiginleikar

Skoðunarþjónustan skal hafa eftirfarandi eiginleika:

1. Viðmiðunarhnitakerfi

Nota skal eitt viðmiðunarhnitakerfi til að skoða löginn samtímis og skoðunarþjónustan skal styðja a.m.k. viðmiðunarhnitakerfið sem um getur í 1. lið I. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.

2. Myndsnið

Skoðunarþjónustan skal styðja a.m.k. annað af eftirfarandi myndsniðum:

- Portable Network Graphics-sniðið (PNG),
- Graphics Interchange Format-sniðið (GIF), óþjappað.